

# Selmuklúbbur

# Vor og sumar 2022



Selmuklúbburinn er tileinkaður velunnurum Listasafns Íslands. Klúbburinn er fyrir áhugafólk um myndlist og menningu og fá meðlimir klúbbsins boð á sérstaka og fjölbreytta viðburði á vegum safnsins.

Selmuklúbburinn á sér nokkuð langa sögu. Hann var stofnaður árið 2002 og nafn lista-klúbbsins var valið með það fyrir augum að heiðra minningu fyrsta safnstjóra safnsins, dr. Selmu Jónsdóttur listfræðings (1917–1987) sem var öflugur frumkvöðull í kynningu á myndlist og uppbyggingu safnastarfsemi á Íslandi.

Með því að gerast velunnari Listasafns Íslands og skrá þig í Selmuklúbbinn veitist þér tækifæri til að njóta einstakra fríðinda.

### Selmuklúbbsaðild felur í sér

- Boðskort á sýningaropnanir safnsins
- Aðgengi að öllum sýningum safnsins
- Aðgengi að öllum auglýstum viðburðum
- Sérstök dagskrá verður gefin út tvisvar sinnum á ári fyrir Selmuklúbbsfélaga
- Skipulagðar heimsóknir á vinnustofur listamanna og áhugaverða staði sem tengjast myndlist
- Leiðsagnir listamanna og fyrirlestrar sem tengjast yfirstandandi sýningum safnsins
- Rafrænt fréttabréf með upplýsingum um dagskrá Selmuklúbbsins og aðra starfsemi safnsins
- Safnbúð Listasafns Íslands býður velunnurum 20% afslátt af vörum sem tengjast útgáfum safnsins, ásamt einstökum sértílbodum
- Vegleg bókaþjóf við inngöngu í klúbbinn

### Verð

- Selmuklúbbsaðild: 20.000 kr.
- Selmuklúbbsaðild + gestakort: 25.000 kr.
- Selmuklúbbsaðild fyrir eldri borgara og öryrkja: 15.000 kr.
- Selmuklúbbsaðild fyrir skólafólk (18–28 ára): 15.000 kr.

Hægt er að ganga í Selmuklúbbinn í síma 515-9600 eða í afgreiðslu safnsins við Fríkirkjuveg 7.

### Tengiliður dagskrár:

Ragnheiður Vignisdóttir,  
ragnheidur@listasafn.is



# Selmuklúbbur

## Vor og sumar

### Heimsókn í Ráðherrabústaðinn

12. febrúar, kl. 14

Selmuklúbbsfélögum er boðið í heimsókn í Ráðherrabústaðinn þar sem þeir fá leiðsögn um listaverkin þar, sem mörg hver eru í eigu Listasafns Íslands.

### Heimsókn á vinnustofu listamanns

12. mars, kl. 14

Heimsókn á vinnustofu Birgis Snæbjörns Birgissonar þar sem hann segir frá verkum sínum og fer yfir vinnuferlið við gerð þeirra. Nánari upplýsingar verða sendar Selmuklúbbsfélögum síðar.

### Heimsókn í Seðlabankann

2. apríl, kl. 14

Selmuklúbbsfélögum er boðið í heimsókn í Seðlabankann þar sem þeir fá leiðsögn um listaverkin sem þar eru.

### Heimsókn á vinnustofu listamanns

28. maí, kl. 14

Heimsókn á vinnustofu Ingunnar Fjólu Ingvarsdóttur þar sem hún segir frá verkum sínum og fer yfir vinnuferlið við gerð þeirra. Nánari upplýsingar verða sendar Selmuklúbbsfélögum síðar.

Óskað er eftir skráningu á viðburði Selmuklúbbsins í síma 515-9600.

Listasafn Íslands sýnir perlur íslenskrar myndlistar í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Lykilverk úr safneigninni veita innsýn í íslenska listasögu frá síðari hluta 19.aldar til dagsins í dag og endurspeglar fjölbreytt viðfangsefni fjölmargra listamanna. Sýningin veitir einnig kærkomið tækifæri til þess að endurnýja kynnin við mörg af helstu listaverkum þjóðarinnar.

Aðgangseyrir á safnið gildir.  
Ókeypis fyrir meðlimi Selmuklúbbsins.





## Sunnudagsleiðsögn

### *Gluggi í Reykjavík*

16. janúar, kl. 14

Leiðsögn sérfræðings um sýninguna *Gluggi í Reykjavík* í húsi listamannsins Ásgríms Jónssonar að Bergstaðastræti 74.

## Leiðsögn sýningarstjóra

### *Sviðsett augnablik*

30. janúar, kl. 14

Leiðsögn sýningarstjóra um sýninguna *Sviðsett augnablik*. Sýningin varpar ljósi á einn fjölbreyttasta safnkostinn í safneign Listasafns Íslands sem er ljósmyndin. Verkin spanna tímabilið frá áttunda áratug síðustu aldar til dagsins í dag.

## Safnanótt í Listasafni Íslands

4. febrúar

Nánari dagskrá auglýst síðar.

## Leiðsögn listamanns

### *Í hálfum hljóðum*

6. mars, kl. 14

Leiðsögn listamanns um sýninguna *Í hálfum hljóðum*. Sýningin samanstendur af málverkum eftir Birgi Snæbjörn Birgisson sem máluð eru á árunum 2015–2022. Verk Birgis beinast að pólitískum, samfélagslegum og sögulegum málefnum í samtímanum.

# Almenn dagskrá

**Leiðsögn sýningarstjóra  
Sviðsett augnablik**  
13. mars, kl. 14

**Málþing í tengslum við sýninguna  
Sviðsett augnablik**  
26. mars, kl. 11

**Sunnudagsleiðsögn  
Í hálfum hljóðum**  
24. apríl, kl. 14

**Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir  
og Margrét H. Blöndal**  
29. maí, kl. 14

**Spyrjið listamanninn:  
Birgir Snæbjörn Birgisson**  
29. maí, kl. 14

## Vor og sumar

Leiðsögn sérfræðings um sýninguna  
*Sviðsett augnablik*.  
Sýningin varpar ljósi á einn fjölbreyttasta  
safnkostinn í safneign Listasafns Íslands  
sem er ljósmyndin. Verkin spanna tímabilið  
frá áttunda áratug síðustu aldar til dagsins  
í dag.

Nánari dagskrá auglýst síðar.

Leiðsögn sérfræðings um sýninguna  
*Í hálfum hljóðum*. Sýningin samanstendur  
af málverkum eftir Birgi Snæbjörn Birgisson  
sem máluð eru á árunum 2015–2022.  
Verk Birgis beinast að pólitískum, sam-  
félagslegum og sögulegum málefnum  
í samtímanum.

Leiðsögn listamanna um tvær sýningar  
safnsins á verkum þeirra Ingunnar Fjólu  
Ingbórsdóttur og Margrétar H. Blöndal.

Á síðasta sýningardegi sýningarinnar Í  
hálfum hljóðum gefst almenningi kostur á að  
spyrja Birgi Snæbjörn þeirra spurninga sem  
vakna í tengslum við verkin á sýningunni.



**Útsýni úr glugga listamannsins, 1943**  
Ásgrímur Jónsson (1876–1958)  
LÍÁJ 92 © Listasafn Íslands / Myndstef





**Cul-de-sac**, 1980  
**Ólafur Lárusson** (1951–2014)  
LÍ 5686 © Erfingjar / Myndstef

## Gæðastundir

Vor og sumar

### **Muggur - Guðmundur Thorsteinsson**

19. janúar, kl. 14

Leiðsögn sérfræðings um sýninguna. Sérstæður myndheimur Muggs spannar víð svið: ævintýraheima þar sem fingerðir prinsar og prinsessur dvelja í fögrum höllum, tröllheima myrkurs og ógnar, landslag og sveitasælu á Íslandi, ferðaminningar frá framandi stöðum og náðarheim trúarinnar þar sem Kristur lækna sjúka, en einnig gerði hann skoplegar teikningar og myndskreytti þjóðsögur.

### **Sviðsett augnablik**

16. febrúar, kl. 14

Leiðsögn sérfræðings um sýninguna *Sviðsett augnablik*. Sýningin varpar ljósi á einn fjölbreyttasta safnkostinn í safneign Listasafns Íslands sem er ljósmyndin. Verkin spanna tímabilið frá áttunda áratug síðustu aldar til dagsins í dag.

### **Varðveisla ljósmynda í heimahúsum**

16. mars, kl. 14

Ljósmyndir prýða mörg heimili Íslendinga. Sérfræðingur Listasafns Íslands mun fjalla um varðveislu ljósmynda í heimahúsum og veita góð ráð varðandi umhirðu þeirra.

### **Ferill listamanns**

20. apríl, kl. 14

Ferðalag og fróðleikur um myndlist Sigurðar Guðmundssonar. Skoðuð verða verk Sigurðar sem eru hluti af sýningunni *Sviðsett augnablik* ásamt öðrum verkum úr safneign Listasafns Íslands.



### **Í hálfum hjóðum**

18. maí, kl. 14

### **Ingunn Fjöla Ingbórsdóttir og Margrét H. Blöndal**

15. júní, kl. 14

Leiðsögn sérfræðings um sýninguna *Í hálfum hjóðum*. Sýningin samanstendur af málverkum eftir Birgi Snæbjörn Birgisson sem máluð eru á árunum 2015–2022. Verk Birgis beinast að pólitískum, samfélagslegum og sögulegum málefnum í samtímanum.

Leiðsögn sérfræðings um tvær sýningar safnsins á verkum Ingunnar Fjölu Ingbórsdóttur og Margrétar H. Blöndal.

Dagskráin er ætluð eldri borgurum og er samsett af sérsniðunum leiðsögnum og spjalli við sérfræðinga safnsins um myndlist, yfirstandandi sýningar og starfsemi Listasafns Íslands.

Viðburðirnir skapa tækifæri fyrir gesti til að nálgast myndlistina og menningararf þjóðarinnar á margvíslegan hátt. Ávallt er boðið upp á kaffi og meðlæti á gæðastundum í Listasafni Íslands. Bakkelsið er í boði Brauð & Co sem styrkir verkefnið.

Nánari upplýsingar um viðburðina má finna á heimasíðu Listasafns Íslands, [www.listasafn.is](http://www.listasafn.is).



**Krakka-  
klúbburinn  
Krummi**

**Hjarta, spaði, tígull, lauf!**

15. janúar, kl. 14–16

Sérstæður myndheimur Muggs veitir innblástur og við myndskreytum okkar eigin spil.

**Glæðum svarthvítar ljósmyndir lit!**

5. febrúar og 19. febrúar, kl. 14–16

Skoðum verkin á sýningunni *Sviðsett augnablik* og glæðum svarthvítar ljósmyndir lit.

**Málum með pastellitum**

5. mars og 19. mars, kl. 14–16

Undir áhrifum frá verkum Birgis Snæbjörns Birgissonar á sýningunni *Í hálfum hjóðum* málum við listaverk með pastellitum.

**Sviðsett augnablik**

9. apríl og 23. apríl, kl. 14–16

Klippum út okkar eigin myndavél sem við rennum filmum í gegn, myndskreyttum af okkur sjálfum. Föngum augnablikið, eða ... sviðsetjum það!

**Hönnunarmars í Listasafninu okkar**

8. maí, kl. 14–16

Skemmtileg smíðja þar sem umhverfið í safninu veitir innblástur. Við búum til okkar eigin listaverk og vinnum út frá töfrum marmarans.

**Vatnslitasmiðja**

11. júní, kl. 14–16

Í þessari sívinsælu vatnslitasmiðju vinnum við með mannamyndir þar sem listgreinakennari sýnir sérstaka tækni við að gera vatnslitamyndir af fólki.

Krakkaklúbburinn Krummi stendur fyrir fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá í hverjum mánuði þar sem kátum krökkum er boðið að fræðast um listaverkin í safneign Listasafns Íslands, skapa listaverk og leika sér í nærandi umhverfi. Krakkaklúbburinn Krummi er fyrir börn á öllum aldri!

Með Krakkaklúbbnum Krumma vill Listasafn Íslands heiðra Ásgerði Búadóttur myndlistarmann með því að nota skemmtilegar og líflugar klippimyndir úr barnabókinni *Rauði hatturinn og krummi* eftir Ásgerði, sem innblástur og merki barnastarfsins. Fylgist með nýjustu fréttum á Facebook-síðu Listasafns Íslands.

**Listasafn Íslands**

Fríkirkjuvegí 7,  
101 Reykjavík



**Listasafn Íslands**  
National Gallery  
of Iceland